



# Landbúnaðarháskóli Íslands

Endurskoðunarskýrsla fyrir 2016

# Efnisyfirlit

1	Inngangur .....	3
2	Niðurstöður og ábendingar .....	4
3	Viðbrögð við fyrri ábendingum.....	5
4	Fjárheimildir og rekstur .....	6
4.1	Fjárheimildir .....	6
4.2	Rekstraráætlun.....	6
5	Innra eftirlit.....	7
5.1	Inngangur .....	7
5.2	Umfjöllun .....	7
5.2.1	Eftirlitsumhverfið .....	7
5.2.2	Áhættumat.....	7
5.2.3	Eftirlitsaðgerðir .....	7
5.2.4	Upplýsingakerfi og upplýsingamiðlun.....	8
5.2.5	Vöktun eftirlitsþátta.....	8
6	Fylgni við lög og reglur.....	9
6.1	Inngangur .....	9
6.2	Umfjöllun .....	9
6.2.1	Rekstraráætlun .....	9
6.2.2	Ferðakostnaður.....	9
6.2.3	Opinber innkaup .....	9
6.2.4	Innkaupakort.....	10
6.3	Niðurstöður .....	10
7	Endurskoðun rekstrarliða .....	11
7.1	Umfjöllun .....	11
7.1.1	Tekjur .....	11
7.1.2	Laun.....	11
7.1.3	Önnur rekstrargjöld .....	11
7.2	Niðurstöður/ábendingar .....	12
8	Endurskoðun efnahagsliða .....	13
8.1	Eignir .....	13
8.1.1	Áhættufjármunir.....	13
8.1.2	Viðskiptakröfur .....	13
8.1.3	Vörslufé.....	13
8.1.4	Handbært fé.....	14
8.2	Eigið fé og skuldir .....	14
8.2.1	Höfuðstóll .....	14
8.2.2	Ríkissjóður.....	14
8.2.3	Viðskiptaskuldir.....	14
8.3	Niðurstöður/ábendingar .....	14
9	Önnur atriði .....	15
9.1	Staðfestingarbréf stjórnenda .....	15
9.2	Óhæðisyfirlýsing.....	15
9.3	Umfang endurskoðunar, yfirlýsing.....	15

# 1 Inngangur

Ríkisendurskoðun hefur lokið endurskoðun ársreiknings Landbúnaðarháskóla Íslands fyrir árið 2016.

Ársreikningurinn, sem er skýrsla í ORRA, er byggður á bókhaldi stofnunarinnar og öðrum upplýsingum stjórnenda. Ríkisendurskoðun vekur athygli á því að stjórnendur stofnunarinnar eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu reikningsskila og jafnframt ábyrgir gagnvart notendum reikningsskilanna. Þetta felur meðal annars í sér að bókhald og fjárhagslegt eftirlit sé fullnægjandi, að réttum reikningsskilareglum sé fylgt og að viðeigandi innra eftirlit hafi verið innleitt og skjalfest.

Endurskoðað var á grundvelli alþjóðlegra staðla um opinbera endurskoðun. Byggt er á skipulögðu ferli aðgerða og faglegu mati sem miðar að því að staðfesta fjárhæðir og aðrar upplýsingar í ársreikningnum. Endurskoðunin fól meðal annars í sér áhættugreiningu og áhættumat ásamt almennum greiningaraðferðum og úrtakskönnunum og athugunum á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum.

Í samræmi við 5. grein laga um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga tók endurskoðunin mið af eftirfarandi:

- ✓ Að reikningsskil gefi glögga mynd af rekstri, fjárhagslegri stöðu og breytingu á henni á árinu í samræmi við settar reikningsskilareglur fyrir opinbera aðila.
- ✓ Að kanna innra eftirlit og hvort það tryggir viðeigandi árangur.
- ✓ Að rekstur og umsvif séu í samræmi við heimildir fjárlaga, fjárukalaga og annarra laga, lögmæt fyrirmæli, starfsvenjur og rekstrarverkefni þar sem við á.

Síðasta endurskoðun Landbúnaðarháskóla Íslands var vegna ársins 2015.

## 2 Niðurstöður og ábendingar

1. Það er mikilvægt að stofnanir í A-hluta ríkissjóðs, eins og Landbúnaðarháskóli Íslands, nýti sér rammamarkað og örútbóð þar sem því verður komið við. Ríkisstofnanir í A-hluta eru aðilar að rammamarkaðnum og eiga þær því að nýta sér rammamarkað þar sem slíkir samningar taka til viðkomandi innkaupa.
2. Ríkisendurskoðun leggur til að innkaupakortum starfsmanna hjá Landbúnaðarháskólanum verði fækkað verulega frá því sem nú er. Núverandi fyrirkomulag er tímafrekt og getur valdið töfum í bókhaldi. Settar verði skriflegar verklagsreglur um kortanotkun starfsmanna og einstakra deilda.
3. Stefna ber að því að ársreikningur Hvanneyrarbúsins ehf. sé jafnan frágenginn og samþykktur þegar bókhaldi skólans fyrir árið á undan er lokað.
4. Skólinn þarf að endurmeta bókfært virði eignarhluta í félögum í bókhaldi til að eignir endurspegli sem best raunvirði þeirra.

### 3 Viðbrögð við fyrri ábendingum

Eftirfarandi ábendingar og athugasemdir komu fram við síðustu endurskoðun Landbúnaðarháskóla:

**Neikvætt eigið fé:** Bent var á neikvæða stöðu eigin fjár skólans um 390 m.kr. í árslok 2015 sem er um 57% af framlagi ársins úr ríkissjóði og 33% af heildargjöldum ársins. Þetta er verulega umfram 4% hámark fjármálaráðuneytis um stöðu neikvæðs eiginfjár af heildargjöldum. Fram kom einnig að Ríkisendurskoðun hefur ítrekað bent á slæma fjárhagsstöðu skólans í endurskoðunarbréfum. Þó ber þess að geta að rekstrarhagnaður ársins 2015 nam 32,5 m.kr.

**Afskriftir krafna** námu 27,3 m.kr. á árinu 2015. Lögð var áhersla á að skólinn gerði úrbætur í sambandi við ferli tekjuskráningar og innheimtu krafna.

Í sambandi við framangreind atriði liggur nú eftirfarandi fyrir:

**Eigið fé:** Verulegur viðsnúningur varð á stöðu eiginfjár skólans á árinu 2016. Í upphafi ársins var eigið fé neikvætt um 390 m.kr. eins og fram kom en varð jákvætt um tæplega 19 m.kr. í árslok. Meginskýringin á breytingunni er niðurfelling á uppsöfnuðum tekjuhalla í lokafjárlögum 2015 að fjárhæð 340,9 m.kr. Einnig varð 68 m.kr. tekjuafgangur af rekstri skólans á árinu.

**Afskriftir krafna:** Endurskoðun viðskiptakrafna leiðir í ljós að haldið er utanum innheimtu útistandandi krafna. Á undanförunum árum hefur verið gert átak í að færa eldri kröfur sem ekki eru taldar innheimtanlegar á afskriftareikning. Á þessu ári hefur verið tekið upp breytt fyrirkomulag á innheimtu krafna sem miðar að því að gera innheimtuna markvissari.

## 4 Fjárheimildir og rekstur

### 4.1 Fjárheimildir

Framlag ríkissjóðs á fjárlögum ársins 2016 nam 736,7 m.kr. Fjárhæðin hækkaði um 100 þús.kr. sem var millifærsla af fjárlagaliðnum *09-989 ófyrirséð útgjöld*.

Þá var með lokafjárlögum 2015 felldur niður uppsafnaður tekjuhalli að fjárhæð 340,9 m.kr. Þar með var létt á greiðslustöðu skólans gagnvart ríkissjóði.

Fjárheimildir ársins námu 736,8 m.kr. Tekjuafgangur 2016 nam 67,8 m.kr. samanborið við 32,5 m.kr. tekjuafgang árið á undan. Tilfærslur námu 6,5 m.kr. þ.e. styrkir til einstaklinga og samtaka. Í fyrsta lagi er um að ræða styrki til verndunar íslenska geitastofnsins og í öðru lagi er um að ræða verkefnatengda styrki til meistaranema. Skólinn fékk tekjur á móti. Einnig er um að ræða styrki til nemendafélags skólans.

Eftirfarandi tafla sýnir samanburð á fjárheimildum og rekstri á árinu 2016:

Í þús. kr.	Fjárlög 2016	Fjárheimild 2016	Rekstur 2016	Frávik 2016	Rekstur 2015
Aðrar rekstrartekjur	-24.400	-24.400	-28.941	4.541	-31.461
Sértekjur	-635.400	-635.400	-568.601	-66.799	-509.275
Launagjöld	873.800	873.900	717.609	156.291	683.197
Önnur rekstrargjöld	474.100	474.100	483.228	-9.128	479.342
Eignakaup	41.000	41.000	59.238	-18.238	24.536
Tilfærslur	7.600	7.600	6.487	1.113	7.372
<b>Samtals</b>	<b>736.700</b>	<b>736.800</b>	<b>669.021</b>	<b>67.779</b>	<b>653.712</b>

### 4.2 Rekstraráætlun

Rekstraráætlun fyrir Landbúnaðarháskóla var gerð fyrir 2016 og skráð í Orra. Áætlunin var í samræmi við fjárheimildir og innihélt markmið um að skila 20 m.kr. rekstrarafgangi. Rekstraráætlun er reglulega borin saman við rauntölur og leitað skýringa á frávikum. Fjármálastjóri kynnir rekstraryfirlit fyrir framkvæmdaráði skólans á um það bil tveggja mánaða fresti og fer yfir frávik. Rekstraryfirlit er einnig kynnt fyrir háskólaráði.

## 5 Innra eftirlit

### 5.1 Inngangur

Forstöðumaður ríkisaðila í A-hluta, eða eftir atvikum stjórn, ber ábyrgð á framkvæmd innra eftirlits. Innra eftirlit felur í sér þær reglubundnu aðgerðir og ráðstafanir sem hlutaðeigandi aðili gerir til að stuðla að hagkvæmni rekstrar, öryggi fjármuna, áreiðanleika upplýsinga og almennt að því að markmiðum starfseminnar verði náð og fylgt sé lögum og reglum.

Ríkisendurskoðun ber skv. lögum að kanna innra eftirlit og meta hvort það tryggir viðeigandi árangur.

### 5.2 Umfjöllun

Innra eftirlit samanstendur af eftirtöldum fimm þáttum (sbr. ISSAI 1315.14-24):

- ✓ Eftirlitsumhverfið.
- ✓ Áhættumat.
- ✓ Upplýsingakerfi og upplýsingamiðlun.
- ✓ Eftirlitsaðgerðir.
- ✓ Vöktun eftirlitsþátta.

#### 5.2.1 Eftirlitsumhverfið

Við endurskoðun hefur áður komið fram að skólinn er með siðareglur, stjórn sem er háskólaráð, skipurit, verkaskiptingu milli hinna ýmsu fagdeilda og fjármálasviðs og skriflega starfsmannastefnu. Viðhorf til rekstrarins og til innra eftirlits er almennt í góðu lagi.

#### 5.2.2 Áhættumat

Varðandi endurskoðunina er hér aðallega um að ræða að skólinn geti metið hættuna á verulegri skekkju í reikningsskilunum og í framhaldi af því ákveðið með hvaða hætti brugðist skuli við slíkri hættu. Ljóst er að lög og reglur um reikningsskil og túlkanir á þeim skipta miklu máli.

Með þessu er hér einnig átt við væntanlegar breytingar á reikningsskilum með nýjum lögum um opinber fjármál. Skólinn hefur brugðist við því með því að fylgjast vel með breytingum á regluverkinu og vera í sambandi við stjórnvöld og Fjársýslu ríkisins um það hvernig reglur skuli framkvæmdar. Einnig þarf að hafa í huga að strax á þessu ári verða gerðar meiri kröfur til stofnana um tíðari og ítarlegri uppgjör innan ársins en verið hefur.

#### 5.2.3 Eftirlitsaðgerðir

Eftirlitsaðgerðir þurfa að vera til staðar til að bregðast við áhættu sem talin er fylgja viðkomandi rekstri. Hugtakið innri eftirlitsaðgerð er í þessari skýrslu notað í svo víðri merkingu að það nær til allra aðgerða sem miða að því til að draga úr áhættu, hvort sem um er að ræða staðfestingu reikninga, aðgreiningu starfa, verklagsreglur, aðgangstakmarkanir, öryggisgæslu eða annað.

Við endurskoðun að þessu sinni var farið yfir verkaskiptingu og sérstaklega hvort um breytingar hafi verið að ræða milli ára sem geti haft áhrif á hættu á verulegri skekkju. Veikleikar í

verkaskiptingu geta aukið hættu á skekkju í bókhaldi. Prófanir og kannanir á virkni eftirlitsþátta voru fyrst og fremst með skoðun gagna og með fyrirspurnum. Áður hefur komið fram ábending um að útgáfa reikninga, skráning tekna og móttaka innborgana sé ekki aðgreint. Á móti kemur að hjá skólanum er eftirlit yfirmanna og afstemmingar.

Aðgangur að færslum og bókunum í bókhaldskerfi skólans hefur verið þrengdur hjá Fjársýslu ríkisins. Miðað við lista um aðgang sem liggur fyrir er full ástæða til að fara enn ítarlegar yfir aðgangsmálin til að draga úr áhættu.

Skólinn er ekki með gæðahandbók með verklagsreglum um bókhaldið. Skólinn nýtir sér hins vegar þær verklagsreglur sem koma fram á heimasíðu Fjársýslu ríkisins.

#### 5.2.4 Upplýsingakerfi og upplýsingamiðlun

Fjárhagsbókhald er fært í Orra. Kostnaði er skipt niður á viðfangsefni. Vinnustund er notuð til að skrá vinnutíma og þar með að dreifa kostnaði vegna starfsmanna á einstök verkefni. AR kerfið er notað við tekjuskráningu og innheimtu krafna. Rafrænt samþykktarferli í fjárhagsbókhaldi er notað.

#### 5.2.5 Vöktun eftirlitsþátta

Vöktun eftirlitsþátta, s.s. að samþykkja reikninga, verkaskiptingu og afstemmingar, er í höndum yfirmanna og starfsmanna.



## 6 Fylgni við lög og reglur

### 6.1 Inngangur

Við fjárhagsendurskoðun ber að kanna hvort rekstur stofnunar hafi verið í samræmi við heimildir fjárlaga, fjáráukalaga og annarra laga, lögmæt fyrirmæli, starfsvenjur og rekstrarverkefni þar sem við á. Fjallað er sérstaklega um fjárheimildir og rekstraráætlun í kafla 4.

### 6.2 Umfjöllun

Eftirtaldir liðir voru kannaðir:

#### 6.2.1 Rekstraráætlun

Landbúnaðarháskóli fylgir reglum Fjársýslu við gerð áætlana vegna ársins 2016. Rekstraráætlunin var samþykkt og sýndi niðurstöður fjárlaga. Rekstraráætlunin var færð í Orra. Frávik milli rauntalna og áætlunar voru greind. Óskað var eftir skýringum á helstu frávikum milli rauntalna og áætlunar 2016 og fengust greið svör við þeim.

#### 6.2.2 Ferðakostnaður

Skólinn er með skriflegar reglur vegna ferðalaga erlendis. Gengið er frá ferðaheimild áður en ferð er farin. Farið er eftir reglum Fjársýslu um eftirlit með ferðakostnaði. Við uppgjör á ferðakostnaði er notað eyðublað Fjársýslu ríkisins.

Úrtakskönnun leiddi einnig í ljós að farið er eftir reglum Fjársýslu við útfyllingu eyðublaðsins um ferðakostnað og færslur eru í samræmi við það. Afrit farseðils er hins vegar ekki skannað með fylgiskjölum um dagpeninga og brottfararspjald er ekki með.

#### 6.2.3 Opinber innkaup

Skólinn er ekki með skriflegar verklagsreglur um innkaup og skrifleg innkaupastefna er ekki til staðar. Í meginatriðum eru innkaupin dreifistýrð og þannig í höndum margra aðila. Þetta helgast einnig af því hversu skólinn er dreifður landfræðilega. Þó eru öll stærri innkaup gerð í samráði við rekstrarstjóra og rektor ef við á. Ef innkaup fara yfir viðmiðunarfjárhæðir er farið í útboð í gegnum Ríkiskaup.

Í sambandi við innkaup undir viðmiðunarfjárhæðum er rétt að minna á ákvæði 24. gr. laga nr. 120/2016 um opinber innkaup:

"Við innkaup undir þeim viðmiðunarfjárhæðum sem tilgreindar eru í 1. mgr. 23. gr. skal kaupandi ávallt gæta hagkvæmni og gera samanburð meðal sem flestra fyrirtækja. Slíkur samanburður skal jafnan gerður með rafrænum aðferðum. Við þessi innkaup skal gæta að samkeppni og virða jafnræðisreglu 15. gr., svo og ákvæði 49. gr. um tæknilýsingar."

Einnig er mikilvægt að Landbúnaðarháskóli nýti sér rammasamninga og örútböð þar sem því verður komið við. Ríkisstofnanir í A-hluta eru aðilar að rammasamningum. Stofnanir ríkisins eiga því að nýta sér rammasamninga þar sem slíkir samningar taka til viðkomandi innkaupa.

#### 6.2.4 Innkaupakort

Skólinn nýtir sér innkaupakort. Nú eru 51 starfsmaður með opin kort frá Borgun hf. Þessu getur fylgt mikil vinna við uppgjör og öflun á kvittnum og fylgigögnum. Í lok mánaðar þarf að stemma kortayfirlitin af við fylgigögn. Skólinn fer eftir verklagsreglum Fjársýslu ríkisins um uppgjör.

Ríkisendurskoðun leggur til að þetta kerfi verði einfaldað og að innkaupakortum verði fækkað verulega frá því sem nú er. Núverandi fyrirkomulag er tímafrekt og getur valdið töfum í bókhaldi. Settar verði skriflegar verklagsreglur um kortanotkun starfsmanna og einstakra fagsviða og deilda. Kortin á að nota í smærri viðskiptum og fyrir símgreiðslur, beingreiðslur, boðgreiðslur og greiðslu á sölustað. Í öðrum tilvikum ætti skólin að nýta sér reikningsviðskipti í stað þess að nota kort sem síðan fara í gegnum lánardrottnakerfi Orra.

### 6.3 Niðurstöður

1. Mikilvægt er að stofnanir í A-hluta ríkissjóðs nýti sér rammasamninga og örútboð þar sem því verður komið við. Ríkisstofnanir í A-hluta eru aðilar að rammasamningum og þær eiga því að nýta sér rammasamninga þar sem slíkir samningar taka til viðkomandi innkaupa.
2. Ríkisendurskoðun leggur til að innkaupakortum verði fækkað verulega frá því sem nú er. Núverandi fyrirkomulag er tímafrekt og getur valdið töfum í bókhaldi. Settar verði skriflegar verklagsreglur um kortanotkun starfsmanna og einstakra deilda.

## 7 Endurskoðun rekstrarliða

### 7.1 Umfjöllun

#### 7.1.1 Tekjur

Á árinu hækkuðu tekjur skólans um 10,5% eða um 56,8 m.kr. sem skýrist einkum af hærri greiðslum fyrir rannsóknir. Tekjur skólans voru um 47% af heildargjöldum árið 2016. Samsvarandi hlutfall var 45% árið á undan.

Hækkun tekna skýrist einkum af hærri greiðslum samkvæmt samningi milli skólans og atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis um rannsóknir. Einnig hækkuðu ýmsir aðrir rannsóknarstyrkir milli ára um 24,8 m.kr. Þessir styrkir eru misháir milli ára. Við endurskoðun voru tekjur bornar saman milli ára og við rekstraráætlun og frávik greind. Umfjöllun um verkaskiptingu við skráningu tekna kemur fram í kafla um innra eftirlit.

#### 7.1.2 Laun

Launakostnaður skólans án starfstengdra liða nam 715,4 m.kr. en var 681,0 m.kr. árið á undan sem er um 5% hækkun. Ársverk 2016 voru 82 sem er svipað og árið á undan. Grunnlaun hækkuðu um 8%, samanborið við launavísitölu sem hækkaði um 11,4% á sama tíma.

Kostnaður var greindur eftir tegundum milli ára og fyrir mánaðarlegar útborganir. Farið var yfir launalista ársins eftir mánuðum og hann borinn saman við sambærilegan lista árið á undan og fyrirspurnir gerðar.

#### 7.1.3 Önnur rekstrargjöld

Önnur rekstrargjöld voru 551,1 m.kr. árið 2016 en voru 513,5 m.kr. árið á undan og jukust um 7,3%. Rekstrargjöld voru borin saman á milli ára og gerð grein fyrir helstu frávikum. Hreyfingalistar voru skoðaðir og einstök fylgiskjöl með úrtakskönnun. Skýringa var leitað þar sem þess var talin þörf. Fyrirspurnir voru gerðar um tiltekna kostnaðarliði.

Lækkun kostnaðar árið 2016 á liðnum „aðkeypt verkkaup“ skýrist af kostnaði vegna aðkeyptrar vinnu vegna þróunar og breytingar á námsskrá og breytinga á kennsluáðstöðu árið 2015.

Mesta hækkunin varð vegna kaupa á reitasláttuvél við jarðræktarrannsóknir um 20 m.kr. Að hluta til kom styrkur kom á móti úr Framleiðnisjóði. Auk þess var ný dráttarvél að fjárhæð um 11 m.kr. keypt til kennslu- og rannsóknarstarfa.

Kostnaðarhlutdeild í sameiginlegum verkefnum hækkaði um 12 m.kr. M.a. voru greiddar um 5 m.kr. til sameiginlegs rannsóknarverkefnis til háskólans í Osló og 3 m.kr. vegna aðstoðarmanns í rannsóknarvinnu að Stóra Ármóti.

Kostnaður jókst í tengslum við aðkeyptar efnagreiningar þar sem skólinn er hættur að reka almenna rannsóknarstofu fyrir efnagreiningar. Kostnaður jókst einnig við tæki og búnað vegna rannsóknarverkefna um 5,4 m.kr. Sá kostnaður er jafnan styrktur af rannsóknarstyrkjum

viðkomandi verkefni. Sömuleiðis jókst kostnaður vegna liðarins „vörur til rannsókna“ um 2,7 m.kr.

Kostnaður við erlenda dagpeninga jókst um 3,3 m.kr. Mikill hluti erlends ferðakostnaðar er endurgreiddur af erlendum aðilum.

## 7.2 Niðurstöður/ábendingar

Endurskoðun rekstrarliða var án athugasemda.

## 8 Endurskoðun efnahagsliða

Í árslok 2016 námu eignir 123,7 m.kr., viðskiptaskuldir námu 44,0 m.kr. og eigið fé var jákvætt um 18,9 m.kr.

Í þús.kr.	2016	2015	Breyting
Eignir:			
Áhættufjármunir	16.838	13.138	3.700
Viðskiptakröfur	33.618	22.109	11.509
Vörslufé	17.017	4.736	12.281
Handbært fé	50.748	65.585	-14.837
<b>Eignir alls</b>	<b>118.221</b>	<b>105.568</b>	<b>12.653</b>
Eigið fé og skuldir:			
Höfuðstóll	8.414	-400.266	408.679
Annað eigið fé	10.449	10.449	0
Ríkissjóður	38.309	445.957	-407.648
Viðskiptaskuldir	44.032	44.691	-660
Vörslufé	17.017	4.736	12.281
<b>Eigið fé og skuldir alls</b>	<b>118.221</b>	<b>105.568</b>	<b>12.653</b>

### 8.1 Eignir

#### 8.1.1 Áhættufjármunir

Samkvæmt bókhaldi á skólinn eignarhluti í átta félögum að verðmæti 16,8 m.kr., aðallega hlutafélögum en einnig sjálfseignarstofnunum. Aðaleignin er 100% hlutafjár í Hvanneyrarbúinu ehf. Nýtt innborgað hlutafé í félagið árið 2016 nam 3,7 m.kr. Hvanneyrarbúið er metið á um 63% af bókfærðu verði miðað við drög að ársreikningi þess félags.

Skólinn þarf að endurmeta bókfært virði eignarhluta félaga í efnahagsreikningi. Einnig þarf að stefna að því að ársreikningur Hvanneyrarbúsins ehf. sé jafnan frágenginn og samþykktur þegar bókhaldi skólans fyrir árið á undan er lokað.

#### 8.1.2 Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur námu 33,6 m.kr. í árslok 2016 að teknu tilliti til óbeinna afskrifta. Við endurskoðun var farið yfir stöðu helstu kröfuliða í árslok. Staða óbeinna afskrifta í árslok, alls 5,5 m.kr., endurspeglar gamlar stöður á viðskiptareikningum sem óvíst er að náist að innheimta. Í byrjun maí 2017 var búið að innheimta um 95% af útistandandi kröfum sem mynduðust á árinu 2016. Ekki eru gerðar athugasemdir við stöðu viðskiptakrafna í árslok.

#### 8.1.3 Vörslufé

Stöður bankareikninga sem eru vegna erlendra verkefna hjá skólanum voru staðfestar við endurskoðun.

#### 8.1.4 Handbært fé

Handbært fé reyndist vera afstemmt með viðunandi hætti í árslok.

## 8.2 Eigið fé og skuldir

#### 8.2.1 Höfuðstóll

Sjá umfjöllun um hann í kafla 4 hér að framan.

#### 8.2.2 Ríkissjóður

Skuldastaða við ríkissjóð lækkaði verulega frá árinu á undan eða úr 446 m.kr. í 38 m.kr. sem skýrist einkum af breytingum á höfðustól vegna lokafjárlaga 2015 eins og áður hefur komið fram.

#### 8.2.3 Viðskiptaskuldir

Staðan var staðfest með úrtakskönnun.

## 8.3 Niðurstöður/ábendingar

1. Skólinn þarf að endurmeta bókfært virði eignarhluta félaga í efnahagsreikningi.
2. Einnig þarf að stefna að því að ársreikningur Hvanneyrarbúsins ehf. sé jafnan frágenginn og samþykktur þegar bókhaldi skólans fyrir árið á undan er lokað.
3. Gert var átak í að afskrifa gamlar viðskiptakröfur árið á undan. Mat á stöðu krafna í árslok 2016 er án athugasemda.

## 9 Önnur atriði

### 9.1 Staðfestingarbréf stjórnenda

Staðfestingarbréf stjórnenda var undirritað af fjármálastjóra við lok endurskoðunar.

### 9.2 Óhæðisyfirlýsing

Óhæðisyfirlýsing þeirra endurskoðenda sem sáu um endurskoðun hjá Landbúnaðarháskóla Íslands var undirrituð við upphaf endurskoðunar.

### 9.3 Umfang endurskoðunar, yfirlýsing

Yfirlýsing um umfang endurskoðunar var undirrituð af ríkisendurskoðanda og fjármálastjóra Landbúnaðarháskóla Íslands.

Í yfirlýsingunni er gerð grein fyrir ábyrgð og hlutverki hvors aðila varðandi reikningskil Landbúnaðarháskólans.



Ríkisendurskoðun – Bríetartúni 7  
Pósthólf 5350 – 125 Reykjavík  
Sími 569-7100  
[postur@rikisend.is](mailto:postur@rikisend.is) – [www.rikisendurskodun.is](http://www.rikisendurskodun.is)